

Fwd: Re: Bæjarráð - 991 - Brothættar byggðir

Til : Hjördís Þráinsdóttir  
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir  
Heiti : Fwd: Re: Bæjarráð - 991 - Brothættar byggðir  
Málsnúmer : 2014090062  
Málsaðili : Byggðastofnun  
Skráð dags : 30.11.2017 12:29:31  
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Sækja [Outlook for Android](#)

----- Forwarded message -----

From: "**Simbahöllin**" <[simbahollin@gmail.com](mailto:simbahollin@gmail.com)>  
Date: Mon, Nov 27, 2017 at 12:47 PM +0000  
Subject: Re: Bæjarráð - 991 - Brothættar byggðir  
To: "Þórdís Sif Sigurðardóttir" <[thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is)>

Hi,

Hereby a formal answer.

- Erna Höskuldsdóttir and Wouter Van Hoeymissen will sit in the workgroup.  
- is there some formal collaboration of BlueBank in this project? (should Arnar / Lilly also be in the workgroup as a external partner?)

Wouter

Kaffihús Simbahöllin  
Fjarðargata 5  
470 Þingeyri  
Sími: 899 6659  
KT: 450509-1320  
<http://www.simbahollin.is/>



2017-10-18 19:35 GMT+00:00 Þórdís Sif Sigurðardóttir <[thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is)>:

Sæl verið þið,

Meðfylgjandi er bókun frá fundi bæjarráðs 16. október sl., er varðar tilnefningu fulltrúa í verkefnastjórn Brothættra Byggða á Þingeyri og óska ég hér með eftir að hverfisráðið tilnefni tvo aðila í verkefnastjórnina. Samkvæmt samtali við Sigríði hjá Byggðastofnun skiptir máli að um sé að ræða aðila sem eru kannski svolítill þverskurður af fólkinu á svæðinu (þannig að sem flestar raddir heyrast).

„[2014090062](#) - Brothættar byggðir

*Lagður er fram tölvupóstur Sigríðar K. Þorgrímsdóttur, þróunarsviði Byggðastofnunar, dags. 11. október sl., þar sem farið er yfir fyrstu skref verkefnisins Brothættar byggðir sem hefst á Þingeyri í vetur.*

Bæjarráð vísar beiðninni um tilnefningu Ísafjarðarbæjar um einn aðila í verkefnastjórn verkefnisins Brothættar byggðir, til bæjarstjórnar. Jafnframt óskar bæjarráð eftir tilnefningum frá Hverfisráði Dýrafjarðar - Íbúasamtökunum Átaki, um tvo fulltrúa í verkefnastjórn verkefnisins.“

Ég læt einnig fylgja tölvupóst Sigríðar K. Þorgrímsdóttur sendi og nefndur er í bókun bæjarráðs.

Kær kveðja,

Þórdís

----- Forwarded message -----

From: "Sigríður Þorgrímsdóttir" <[sigga@byggdastofnun.is](mailto:sigga@byggdastofnun.is)>

To: "Þórdís Sif Sigurðardóttir" <[thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is)>

Cc: "Kristján Þ. Halldórsson" <[kristjan@byggdastofnun.is](mailto:kristjan@byggdastofnun.is)>

Bcc:

Date: Wed, 11 Oct 2017 10:03:58 +0000

Subject: Brothættar byggðir

Sæl.

Í framhaldi af samtali okkar áðan set ég hér nokkur atriði niður, ykkur til athugunar:

- Fyrsta skrefið er að setja á fót verkefnisstjórn. Í henni sitja: Byggðastofnun, Ísafjarðarbær, Fjórðungssamb., AtVest og tveir fulltrúar íbúa. Hvað sveitarfélagið varðar þarf þá að ákveða hver kemur í verkefnisstjórnina af ykkar hálfu, hvort það er Gísli eða einhver annar. Oftast er sveitarstjóri fulltrúinn, en þó er dæmi um annað, þ.e. hvað Akureyrarkaupstað varðar, en Eiríkur hefur samt mætt á flesta íbúafundi í eyjunum. Í öðru lagi hafið þið milligöngu um að fundnir verði tveir fulltrúar íbúa á Þingeyri. Mér sýnist að þar gætuð þið nýtt hverfisráðið úr því það er til staðar. Við viljum gjarnan að þessir tveir fulltrúar endurspegli samfélagið sem best og að sátt ríki um valið.

- Þegar verkefnisstjórnin er stofnuð myndum við huga að fyrsta fundi hennar og þá að halda hann á Ísafirði eða á Þingeyri sem væri auðvitað flottast. Þar leggjum við grunninn að fyrstu skrefum í verkefninu.
- Það þarf að gera stöðugreiningu sem lögð verður til grundvallar verkefnislýsingu, ásamt niðurstöðum íbúðingsins - en það ræðum við væntanlega nánar á fyrsta verkefnisstjórnarfundum
- Þá þarf einnig að gera samning um verkefnið, Kristján leiðir það mál
- Eins og ég nefndi við þig settum við stefnuna á íbúðing í janúar-febrúar og það hentar ykkur greinilega líka. Ég mun nefna þetta við Sigurborgu, til að „taka hana frá“.
- Þú nefndir að finna þurfi nafn á verkefnið - en eins og ég sagði þér þá höfum við látið íbúana stinga upp á nöfnum og kjósa á milli, það eykur enn frekar á þá tilfinningu að verkefnið sé þeirra
- Já og við erum auðvitað spennt fyrir Blábankaverkefninu! Það kemur vafalítið við sögu, t.d. í málefnavinnu á íbúðinginu

Man ekki fleira í svipinn, Kristján kannski bætir við ef þarf.

Bestu kveðjur og hlakka til að heyra frá ykkur - við sjáum um að ræða við Aðalstein Óskars varðandi setu í verkefnisstjórn.

Sigga

*Sigríður K. Þorgrímsdóttir*

Próunarsviði Byggdastofnunar

Sími 455 5400 og beinn sími 455 5456

Gsm 869 7203

Veffang: [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is)